

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Eldisvörr ehf.	04.10.2018	Þverá, Barðaströnd	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
460502-6830	11.12.2021	Já	200 tonn land- og kvíaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			~28 tonn ársframleiðsla af flökum, lífmassi á ársgrundvelli um 40 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Garður við settjörn hefur verið hækkaður. Net var sett á yfirfallsbrunn og hann lagaður. Klukkufóðarar settir upp. Lagnir lagaðar.  Eldið stendur í friðlandi. Verið er að byggja skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk á staðnum þrátt fyrir að leyfi Umhverfisstofnunar liggi ekki fyrir, sjá bréf frá stofnunninni dagsett þann 2. október 2018.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Ítarleg gæðahandbók með öllum skráningum nema losun efna.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila í eftirliti.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna	X			Partur af gæðahandbók stöðvarinnar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Hluti af tryggingum reksturs.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Hluti af gæðahandbók stöðvarinnar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrun.
Er skráning á losun fósífró og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Hefur hvorki verið reiknað né mælt.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Ástand frárennslis er gott.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í	X			Frárennslis frá húsi rennur á tveimur stöðum í um 300m <sup>2</sup> settjörn. Gardur sem hefur nýlega verið hækkaður aðskilur tjörn frá fjöru/sjó.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.				Yfirfallsbrunnur á settjörn rennur út í sjó.  Frárennsli frá sláturkerjum rennur í gegnum fituskilju og þaðan út í settjörn.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Eldishús stendur í um 50 m fjarlægð frá sjó, og settjörnin á milli.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Hefur ekki verið mælt.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer 1-2 í mánuði með slógi frá vinnslunni sem er í sama húsnæði. Fer til Klofnings Tálknafirði. Skráningar og kvittanir.  Sorp fer óflokkað með Gámþjónustu Vestfjarða og er flokkað á Patreksfirði.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Engar mælingar né útreikningar hafa verið gerðir.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Október 2018.  Gerla-og efnamælingar  Sýni ehf.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Engin frávik komu fram við eftirlit en athugasemd er gerð við að ekki er sama nafn og kennitala á starfsleyfi og rekstrarleyfi.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

<b>Samantekt:</b>	<p>Ekki er sama nafn á rekstrarleyfi og starfsleyfi. Umsókn um yfirfærslu starfsleyfis á rekstraraðila er í vinnslu hjá stofnuninni.</p> <p>Eldi á friðlandi Þverár í Vatnsfirði. Þrjú 45 m<sup>3</sup> eldisker og 18 seiðaker, allt innan dyra. Umgengni inni í eldisstöð er ágæt, en ábótavant utanhúss. Mikið er af bifreiðum/hjólhýsum á svæðinu, ryðgaður gamall olúgeymir og ýmislegt annað rusl. Einnig stendur rafmagns heitur pottur við eldisstöðina.</p> <p>Skv. rekstraraðila hefur mikið rusl verið fjarlægt af svæðinu seinustu ár og stendur til að fjarlægja olúgeyminn og annað rusl fljótlega.</p> <p>Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varðar nafn á starfsleyfi og mælingu/útreikning losun efna í umhverfið. Tvær ábendingar eru gerðar er varða umgengni utanhús og frárennsli frá heitum potti.</p>
<b>Annað</b>	<p>Rekstraraðila er bent á að fjarlægja útiker sem eru ekki í notkun ef ekki stendur til að nota þau, þar sem lýti er að þeim.</p> <p>Rekstraraðila er einnig bent á að eldið er í friðlandi og umgangast ber svæðið miðað við það.</p> <p>Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisvörr ehf. Patreksfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	4.10.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Eldisvörr ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Þverá, Barðaströnd	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	460502-6830	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristín Ósk Matthíasdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sveinn Viðarsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða mælingar/útreikninga losun efna í umhverfið og nafn á starfsleyfi. Tvær ábendingar eru gerðar er varða umgengni á svæðinu og frárennsli frá heitum potti.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó.

### Lýsing á frávik

Skráningu á losun efna út í umhverfið vantar. Rekstraraðili skal mæla losun efna í viðtaka eða reikna hana út frá lífmassa og fóðurnotkun.

Gr. 4.a í lögum 71/2008 um fiskeldi og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Bæði leyfin þurfa að vera á nafni og kt. sama rekstraraðila fyrir hverja stöð. Ekki er sami rekstraraðili á starfsleyfi og rekstrarleyfi.

## ÁBENDINGAR

Umgengni á svæðinu er ábótavant. Rekstraraðila er bent á að fjarlægja gamlan olíugeymi, annað rusl og ökutæki sem standa á svæðinu sem fyrst.

Heitur pottur sem er á svæðinu er losaður í settjörn eldisstöðvar. Skv. reglugerð 798/1999 um frárennsli og skólp og gr.2.6 í starfsleyfisskilyrðum skal skólp frá hreinlætissaðstöðu leitt í fráveitu sveitafélags eða í rotþró með siturlögn líkt og salernisaðstaða.

## ANNAR

Rekstraraðila er bent á að fjarlægja útiker sem eru ekki í notkun ef ekki stendur til að nota þau, þar sem lýti er að þeim.

Rekstraraðila er einnig bent á að eldið er í friðlandi og umgangast ber svæðið miðað við það.

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Reykjavík, 12.11.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir